



Lundurinn útikennslustofa vorönn 2021

Tekið er á móti hópum í Lundinn á **mánudögum** og **fimmtudögum** kl. **09H00-12H00 / 13H00-16H00**.
Hægt er að bóka **fría rútuþjónustu** fyrir þá hópa sem nýta sér Lundinn **13H00-16H00**.

Hvað er Lundurinn

Lundurinn er útikennslustofa Miðstöðvar útivistar og útináms og er sannkölluð útinámsvin í hjarta útisvæðis Gufunesbæjar. Hér er frábær aðstaða til þess að framkvæma útikennslu í öllum námgreinum, spreyta sig á útiöldun, búa til huggulega samveru undir beru lofti eða hafa það notalegt í kringum opinn eld eftir leik á skemmtilegu útisvæði Gufunesbæjar.

Aðstaða og útbúnaður

Lundurinn er afgirt rjóður með yfirbyggðu skýli, náttúrulegum bekkjum, trjám til að klifra í og eldstæði. Klósettaaðstaða er fyrir hópa í Hlöðunni.

Hægt er að panta eftirfarandi búnað/þjónustu með Lundinum.

- ✓ Tjald sem tekur 20-25 nemendur (tjaldið er tilbúið og uppsett með bekkjum)
- ✓ Hitablásari í tjaldið (hitablásari er uppsettur og í gangi)
- ✓ Eldstæði (eldiviður, kol, uppkveiki kassi, eldvarnarteppi, slökkvitæki),
- ✓ Ketill / pottur (kemur með þríhyrningi og þykkum hönskum)
- ✓ Hollendingur (þykkir hanskar)
- ✓ Spjót (12 stk), samlokugrill (6 stk), poppsigt á skafti (8 stk), vöfflujárni (3 stk)
- ✓ Glös & diskar
- ✓ Neysluvatn
- ✓ Verkefni

Hvernig virkar Lundurinn

- ✓ Starfsmenn MÚÚ sjá um undirbúning og frágang Lundsins.
- ✓ Tekið er á móti hópum við komu á svæðið, búnaður og /eða verkefni afhent með hagnýtum upplýsingum og ráðleggingum.
- ✓ **Hópar eru að öllu leiti sjálfbjarga með utanumhald, öryggi og dagskrá í Lundinum**
- ✓ Starfsmenn hópa bera ábyrgð á barnahópi sínum á svæðinu og ber að tryggja öryggi þeirra öllum stundum (eldstæði, hitablásari, grillspjót, klifur í trjám, kastali á útisvæði) auk þess að gæta að allur aðbúnaður og útbúnaður sé í góðu ásigkomulagi að notkun lokinni.
- ✓ Starfsmenn MÚÚ eru aldrei langt undan ef hópar þurfa á aðstoð að halda.

Hlökkum til að sjá ykkur!